



Námsáætlun

ENSK3y/05 vorönn 2021

Kennari: Ágústa Axelsdóttir

Lýsing á efni áfangans:

Meginmarkmið áfangans er lestur bókmenntaverka á ensku til skilnings og yndisauka. Lesin eru a.m.k. 6 bókmenntaverk, 5 af bókalista og 1 valið af nemandanum sjálfum með samþykki kennara. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, lestur og verkefnavinnu sem tengist verkunum. Að loknum lestri hvers verks gerir nemandi kennara sínum grein fyrir því sem hann hefur lesið og skilar af sér verkefnum munnlega og skriflega, í einkaviðtölum við kennara og rafrænt í gegnum Innu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á

- menningarlegu og sögulegu samhengi bókmennta hins enskumælandi heims
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileikna sér lesefni með góðu móti í áframhaldandi námi og starfi
- helstu hugtökum í bókmenntafræði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að

- lesa sér til ánægju og upplýsingar texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð
- tjá sig af öryggi um margvísleg málefni tengd bókmenntum og menningu
- leggja gagnrýnið mat á texta, listrænt gildi hans og mismunandi stílbrögð höfunda
- geta rætt á ensku um upplifun sína af þeim verkum sem lesin eru

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- auka lesskilning sinn
- geta lagt gagnrýnið mat á texta
- tjá tilfinningar, nota hugarflugið og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli og líkingamáli
- beita málinu án meiriháttar vandkvæða til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmennningarleg efni
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í texta, s.s. í bókmenntaverkum og öðrum textum



Námsmat

Fer fram í gegnum viðtöl nemenda við kennara og skrifleg verkefni. Mikilvægt er að nemendur mæti á þeim tíma sem þeim er úthlutaður af kennara.

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.	Kynning á áfanganum.	Introduction – skilað á Innu. Bókalisti – skilað á Innu Nemendur hefja lestur	
02. 1.-5. mars	Lestur	Skil á lestrarskýrslu	
03. 08-12. mars	Lestur	Viðtal – kynning á bók 1	Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Lestur		Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	Lestur	Viðtal – kynning á bók 2	Miðannarmat
29. mars-6. apríl	Lestur		Páskafrí
06. 07.-09. apríl	Lestur	Viðtal – kynning á bók 3	
07. 12.-16. apríl	Lestur		
08. 19.-23. apríl	Lestur	Viðtal – kynning á bók 4	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	Lestur		
10. 03-07. maí	Lestur	Viðtal – kynning á bók 5	
11. 10.-14. maí	Lestur		Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí	Lestur	Próf í bók 6	

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.

- Samskipti kennara og nemenda fara fram á ensku.
- Áætlun er ekki bindandi og getur breyst í samráði við nemendur.
- Nemendur skulu virða tímasetningu bókakynninga. Mikilvægt er að nemendur kynni bækurnar jafnt og þétt yfir önnina. Ef upp koma vandamál skulu nemendur hafa samband við kennara með tölvupósti með góðum fyrirvara.
- Vinsamlegast látið kennara vita með tölvupósti eða samtali ef þið eigið í sértækum erfiðleikum í námi, t.d. vegna dyslexíu eða langvinnra veikinda.

Þar sem er lokapróf þurfa nemendur að fá a.m.k. 4,5 í einkunn til að standast áfangann. Allir nemendur þurfa a.m.k. 5,0 í lokaeinkunn til að standast áfangann.